

Aðalfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Dags: 28.4.2021

Fjarfundur haldinn á zoom

Dagskrá aðalfundar:

- a. Skýrsla stjórnar
- b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar síðsta árs
- c. Lagabreytingar, tillögur berist stjórn með a.m.k. viku fyrirvara
- d. Kjör meðstjórnenda, framboð berist stjórn með a.m.k. viku fyrirvara
- f. Kjör tveggja skoðunarmanna
- g. Önnur mál.

Formaður setur fundinn, tilkynnir Anitu sem ritara, og Þuru sem fundastjóra sem er samþykkt af fundargestum.

a. Skýrsla stjórnar

Árskýrsla er kynnt af framkvæmdastjóra Benjamín Mokry. Byrjar á því að þakka öllum sjálfboðaliðum. Hilmar formaður hefur unnið mikið í því að finna nýtt húsnæði fyrir Klifurfélagið. Fleiri vörur eru komnar í klifurbúðina, nóg úrval af allskyns vörum fyrir klifrara. Samtals var lokað í 24 vikur í allt vegna COVID. Þjargaði miklu að þurfa ekki að greiða gjöld til baka, frekar seinkað námskeiðum. Ben hefur unnið í því að setja upp klifurveggi meðal annars á Reykjanesi. Rekstarárið var gott, hagnaður uppá 6 milljónir. Fleiri iðkendur hafa bæst við en mögulega vegna lokanna og ekki opið fyrir almenning. Sókn í námskeið hefur aukist mjög mikið og þjálfurum hefur verið fjölgað. Nú búið að skipta byrjendanámskeiðum í tvennt, þar sem línuklifur er tekið sérstaklega fyrir annarsvegar og boulder hinsvegar. Afrekshópurinn Elmars er að gera góða hluti og Elmar heldur vel utan um það. Sumarnámskeiðin er vinsæl og koma margir af þeim námskeiðum inní klifurhúsið á veturnar. Listi yfir þá sem unnu Íslandsmeistaramótið, margir frá Klifurfélagi Reykjavíkur á palli. 8000 manns sem horfðu á RIG mótið 2021, sem er talið vera mjög gott. Búið er að kaupa höldur frá Euro Holds, fengum styrk frá Reykjavíkurborg sem var notaður í að versla höldur.

b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar síðasta árs

Farið yfir ársreikning. Seld þjónusta, sem eru æfingar og búðin, gott að sjá að það hefur gengið svona vel þrátt fyrir 24 vikur í lokun, en seldar vöru hækkað mikið. En þar sem við þurftum að framlengja mikið af kortum og því ekki líklegt að staðan verði eins fyrir 2021. Elmar og Ben fóru í 25% vinnu á tímabili og fengu styrk á móti frá atvinnuleysisjóð, og því er launakostur lægri fyrir 2020.

Erum með gott samkomulag við Þóru Bókhaldara og erum með Gulla sem gjaldkera, sem hefur gengið mjög vel, vel er haldið utan um reksturinn.

Ársreikningur samþykktur einhljóða.

c. Lagabreytingar, tillögur berist stjórn með a.m.k. viku fyrirvara

Tillögur að lagabreytingum; núverandi stjórn leggur fram eftirfarandi lagabreytingar, tillögur skráða með rauðu lettri inni lagagreinarnar hér að neðan;

5. grein

Stjórn félagsins skal skipuð fimm einstaklingum og tveim til vara. Stjórnarformaður skal kjörinn sérstaklega en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn, þannig að tveir meðstjórnendur og formaður skulu kosnir annað hvert ár og tveir meðstjórnendur annað hvert ár. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfund þegar þurfa þykir en eigi sjaldnar en með tveggja mánaða fresti. **Á fyrsta stjórnarfund eftir aðalfund skal stjórnin kjósa um það hver meðstjórnenda fer með hlutverk varaformanns, hver fer með hlutverk ritara, tilnefna aðila sem gjaldkera ásamt því að kjósa meðstjórnanda til að gegna hlutverki skoðunarmanns og tilnefna fulltrúa stjórnar í Boltasjóðsnefnd. Bætt við á fundi; (þrír eru í nefndinni og þar af einn úr stjórn).** Stjórninni er heimilt að skipa framkvæmdastjóra fyrir félagið sem annast daglega umsjón félagsins. Framkvæmdastjóri situr ekki í stjórn félagsins. Firmað ritar meirihluti stjórnar.

Í 5 grein snýst aðallega um að niðurnjörva hlutverk innan stjórnar.

Athugasemd kom vegna boltasjóðsnefndar, að það kæmi ekki skýrt fram að það væru 3 menn í boltasjóðsnefnd, kom tillaga að bætt væri fyrir aftan að tilnefna ætti einn í boltasjóð (þá eru 3 menn í boltasjóðsnefnd).

Viðbótin hljóðar þá svona;

Á fyrsta stjórnarfund eftir aðalfund skal stjórnin kjósa um það hver meðstjórnenda fer með hlutverk varaformanns, hver fer með hlutverk ritara, tilnefna aðila sem gjaldkera ásamt því að kjósa meðstjórnanda til að gegna hlutverki skoðunarmanns og tilnefna fulltrúa stjórnar í Boltasjóðsnefnd (þrír eru í nefndinni og þar af einn úr stjórn).

6. grein

Starfstímabil félagsins miðast við aðalfund. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Almennur félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

Aðeins félagsmenn hafa þátttökurétt á almennum félagsfundi en allir geta orðið félagsmenn í félaginu. Félagsmenn eru þeir sem eiga gild æfingakort í Klifurhúsinu, undanskilið 10 tíma kort og mánaðarkort **eða hafa greitt 1500kr í félagsgjöld.** Á almennum félagsfundi gilda almenn fundasköp en stjórn félagsins skipar fundarstjóra. Atkvæði einfalds meirihluta fundarmanna ráða.

Almennan félagsfund skal halda a.m.k. einu sinni á ári í formi aðalfundar.

Stjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar eftir því sem henta þykir. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara og mest fjögurra vikna fyrirvara með því að senda bréfi í almennum pósti til félagsmanna eða með öðrum sambærilegum hætti, svo sem á vef félagsins.

Ef fram kemur krafa um slíkt frá 1/5 hluta félagsmanna skal stjórn boða til almenns félagsfundar til umfjöllunar um tiltekið mál á sama hátt og boðað er til aðalfundar.

Lagt til að það verði möguleiki fyrir td. Foreldra að verða félagar í Klifurfélaginu með því að greiða félagsgjöld. Því fleiri félagar því betra.

7. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir félagið ár hvert og ekki síðar en 15. maí. Verkefni aðalfundar eru:

- a. Skýrsla stjórnar
- b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar síðsta árs
- c. Lagabreytingar, tillögur berist stjórn með a.m.k. viku fyrirvara
- d. Kjör formanns, framboð berist stjórn með a.m.k. viku fyrirvara
- e. Kjör meðstjórnenda, framboð berist stjórn með a.m.k. viku fyrirvara
- f. Kjör tveggja varamanna
- g. Kjör tveggja skoðunarmanna
- h. Kjör tveggja manna í Boltasjóðsnefnd Breytt á fundinum í; Kjör nefndarmanns í Boltasjóðasnefnd
- i. Önnur mál.

Kosið um lagabreytingar.

5.grein - Samþykkt einhljóða

6.grein - Samþykkt einhljóða

7.grein - Samþykkt einhljóða

Allar tillögur um lagabreytingar samþykktar með þeim breytingum sem voru bornar fram á fundinum.

d. Kjör meðstjórnenda, framboð berist stjórn með a.m.k. viku fyrirvara

Kynning á frambjóðendum;

Ágústa Gunnarsdóttir

- Býður sig fram í þágu lýðræðisins, betra að það séu 3 frambjóðendur um 2 stöður. Hefur verið í klifurhúsinu síðan 2017, hefur verið í hinum og þessum nefndum í skólanum.

Rósa Sól Jónsdóttir

- Er búin að vera í stjórninni í 2 ár, kosin inn 2019, var þá búin að vinna í Klifurhúsinu í 6 ár, var sjálfskipaður viðburðarstjóri, var með árshátíð 2019 sem heppnaðist mjög vel. Vill vinna áfram með húsneðismálin.

Valdimar Björnsson

- 4ða árið í stjórn Klifurfélags Rvk og verið í Klifurfélaginu frá upphafi 2002 og verið að sinna allskonar störfum fyrir klifurfélagið. Finnst spennandi að vera með góðu fólki að vinna að spennandi hlutum.

Niðurstöður kosningar:

Ágústa - 59%

Rósa Sól – 53%

Valdi - 82%

Ágústa og Valdi kosin í stjórn.

e. Kjör tveggja varamanna

Emil, Anita og Rósa Sól bjóða sig fram sem varamaður í stjórn.

Niðurstaða kosningar;

Anita – 72%

Emil – 67%

Rósa – 56%

Anita og Emil kosnir varamenn.

f. Kjör tveggja skoðunarmanna

Palli er til í að halda áfram sem skoðunarmaður og Helgi býður sig fram sem skoðunarmann.

Palli og Helgi eru því sjálfkjörnir skoðunarmenn.

g. Önnur mál.

Verkefnið sem heitir Toppstöðin sem einkaaðilar hafa áhuga á að gera að miðstöð fyrir jaðaríþróttir. Stoppar svoltið hjá Reykjavíkurborg, þar sem það vantar hærrí styrki í húsnæði fyrir jaðaríþróttir, pólitíkin þarf að setja í fjárlög að þetta sá á dagskrá. Toppstöðin gæti verið tilbúin eftir 2 ár.

2 ár er eftir af leigusamning, en Klifurfélagið býið að sprengja af sér. Það er fullt hús hérna þrátt fyrir takmarkanir, það er 50 manna takmörkun en samt er húsið fullt.

Nýr kamar á Hnappavöllum, það var skrifað undir 3ja ára samning um daginn, en það þarf að hugs avel um svæðið, verður bætt aðgengi á Hnappavöllum með því að setja upp annan kamar.

Boltasjóðsnefn, einhver verður tilnefndur frá stjórn í nefndina á næsta stjórnarfundum en nefndin helst þá eins, Stebbi og Jón Viðar eru í nefndinni á þessu ári þangað til á næsta aðalfund.

Örþing, hugðarefni Hilmars og stjórnar að hafa smá hitting til að ræða ýmis málefni varðandi klifurfélagið, farið yfir hvað sérsambandið hefur í för með sér og fleiri umræður, klettaklifur og aðgengismál.

Árskýrslan fer á heimasíðuna á morgun.

20 manns mættu á fundinn.

Fundarritari: Anita S. Ásmundsdóttir

Viðauki 1 - Mætingarlisti;

Benjamín Mokry (Ben)
Rósa Sól Jónsdóttir
Þuríður S. Sigurðardóttir (Þura)
Valdimar Björnsson (Valdi)
Sigtryggur Ari Jóhannsson(Diddi)
Hilmar Ingimundarson
Anita S. Ásmundsdóttir
Páll Sveinsson
Knútur Garðarsson
Helgi Egilsson
Ágústa Gunnarsdóttir
Emil Bjartur
Andri Ómarsson
Jón Viðar Sigurðsson
Kristrún Ásta
Bjarnheiður Kristinsdóttir
Steinn
Hilmir
Gunnare
Jónas G. Sigurðsson(Jonni)